

Alþingi
Erindi nr. P 130/2350
komudagur 7.5.2004

Samgöngunefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
nefndarritari
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK
Ísland

05.05.2004

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um loftferðir, nr. 60/1998.


Vísað er í bréf yðar frá 27. apríl, þar sem farið er fram á umsögn Flugfélags Íslands um ofangreint frumvarp. Meginbreyting þessa frumvarps liggur í breytingum á landingargjöldum í millilandaflugi á flugvöllum utan Reykjavíkur, þannig að þessar breytingar hafa ekki mikil áhrif beint á núverandi starfsemi Flugfélags Íslands. Við erum þó í einhverjum tilfellum að sinna millilandaflugi frá flugvöllum eins og Akureyri og Egilsstöðum, en það telst þó vart til meginstarfsemi félagsins. Hins vegar tel ég rétt að gera athugasemd við mikla hækkun þessara gjalda og þá sérstaklega í Keflavík. Forsenda hækkunar er erfið staða Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Á sama tíma hefur afkoma flugstöðvarreksturs gengið mjög vel og er mikill tekjuafgangur þar. Í huga flestra flugrekenda er þessi rekstur mjög samtvinnuður og það er t.d. alveg ljóst að tekjur flugstöðvar koma til vegna farþega, sem flugfélögin flytja til og frá landinu. Það er því erfitt að horfa upp á mikla hækkun kostnaðar fyrir flugrekstur og ferðaþjónstu í landinu á þessum forsendum. Það má einnig benda á, að kostnaður vegna reksturs Flugmálastjórnar í Keflavík er mikill og það er mjög undarlegt, að reka þurfi hér tvær Flugmálastjórnir í landinu, með tilheyrandi kostnaði. Það hefur verið bent á það, að rekstur flugvalla væri betur settur undir einni stjórn, þar sem meiri hagkvæmni ríkti um rekstur. Flugrekstraraðilar eru því ekki sammála þeim rökum sem sett hafa verið fram um forsendur hækkunar gjalda.

Önnur meginbreyting er hækkun á öryggisgjaldi. Forsendur þessarar hækkunar eru auknar kröfur til flugverndar sem við þurfum að uppfylla. Það er ljóst að kröfur hafa aukist og kostnaður vegna flugverndar er vaxandi. Það er hins vegar einnig ljóst að þessi hækkun, í kjölfar hækkunar landingargjalda og breytinga á farþegasköttum leiðir af sér mikla hækkun gjalda almennt til flugrekenda. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar er vísað til mikilvægis ferðaþjónustu og nauðsyn þess að skapa henni viðunandi rekstrarskilyrði og ekki lakari samkeppnisstöðu en í samkeppnislöndum okkar. Þessar hækkunar opinberra gjalda munu leiða til verri samkeppnisstöðu. Ekki hefur heyrst um sambærilegar hækkunar hjá erlendum flughöfnum og hefur reynslan þar reyndar verið sú undanfarin ár, að flugfélögum hefur verið

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Air Iceland


Reykjavíkurlugvelli • 101 Reykjavík • Sími 570 3000 • Fax 570 3001



boðið góðir samningar fyrir það eitt, að hefja flug til nýrra áfangastaða. Það er því vart hægt að ganga út frá því að samkeppnisstaða okkar batni við þessar breytingar - þvert á móti er í heildina um að ræða um 200 milljón króna aukna gjaldtöku af flugrekendum. Það er því rétt að skora á stjórnvöld að reyna að takmarka þessar hækkanir eins og unnt er og að litið verði m.a. til breytinga á skipulagsmálum og stjórnsýslu flugvalla og stefnt að lækkun rekstrarkostnaðar.

Ég vil að lokum lýsa því yfir, að við erum að sjálfsgöðu reiðubúin til að gefa frekari upplýsingar eða athugasemdir ef eftir því verður sóst.

Virðingarfyllt



Jón Karl Ólafsson
framkvæmdarstjóri

